

Íbúaráð Breiðholts 3. maí 2023: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 26. apríl. 2023, um umferðaröryggi í Fálkabakka:

Íbúaráð Breiðholt leggur til að borgaryfirvöld grípi til viðeigandi ráðstafana í því skyni að bæta umferðaröryggi í brekkunni upp Fálkabakka, ekki síst í vetrarfærð.

Greinargerð:

Fyrir liggur að hætta hefur skapast í brekkunni í Fálkabakka, ekki síst í slæmri vetrarfærð. Ástæða er fyrir samgönguyfirvöld í Reykjavík að taka málið föstum tókum, svo sem með því að hita upp götuna þar sem brattinn er mestur.